



Skipulags- og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.100 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 11.mars 2014 klukkan 15:00. Mættir eru nefndarmenn Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Gísli Kjartansson, Guðbrandur Magnússon, Ólafur Guðnason, Þóráanna Harðardóttir og Vigfús Þór Hróbjartsson fulltrúi skipulags – og byggingarmála.

Dagskrá:

Byggingarmál:

1. Klausturhólar – Breyting á útliti

Skaftárhreppur kt.480690-2069 sækir um leyfi fyrir breytingum á útliti Klausturhóla samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Fram eru lagðir uppdættir er unnir eru af Helga Hjálmarssyni Arkitekt. Um er að ræða nýja útihurð og tvo glugga á austurhlið hússins. *Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu í samstarfi við arkitekt hússins.*

2. Klausturhólar – Breyting innandyrna

Skaftárhreppur kt.480690-2069 sækir um leyfi fyrir breytingum innandyrna í áður vannýttu rými í kjallara Klausturhóla samkv. meðfylgjandi uppdætti. Í breytingunni felst að tvö rými innan kjallarans breytast í óráðstafaða sali auk þess sem útbúin verður snyrting, ræstikompa og lítið eldhús. *Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu í samstarfi við arkitekt hússins.*

Skipulagsmál:

3. Lýsing aðalskipulagsbreytingar – Klaustur

Lögð er fyrir nefndina lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri. *Lýsingin er samþykkt til kynningar samkv. gr.4.2.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hún skal kynnt almennungi og send til umsagnar viðeigandi umsagnaraðila og Skipulagsstofnunnar.*

Önnur mál:

4. Framkvæmdaleyfi – Vegur við Eldvatn

Guðbrandur Magnússon fyrir hönd stjórnar veiðifélags Eldvatns Meðallandi kt.520779-0199 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir lagfæringu á gömlum vegslóða frá veiðihúsi við Eldvatn og upp með Eldvatni sunnanmegin. Setja á 2 hólka í ræsi og reyna að stýra umferðinni á slóðan og koma í veg fyrir að fleiri slóðar myndist á svæðinu. *Guðbrandur víkur af fund.*

Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeigenda á svæðinu. Haft verði samráð við landgræðsluna og aðra hagsmunaaðila svæðisins.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 15:50

A